

Ekki seinna en núna!

Ákall um loftslagsréttlæti og tafarlausar aðgerðir

„Við erum fyrsta kynslóðin til að skilja til fulls hversu alvarlegt ástandið er og síðasta kynslóðin sem getur gert eitthvað í málunum.“ (Mary Robinson)¹

Við vitum sífellt meira um orsakir og afleiðingar hlýnandi veðurfars og þá ógn sem það skapar fyrir framtíð lífs á jörðinni. Við vitum líka að breytingar á loftslagi hafa haft mest áhrif á þau sem búa við fátækt og skort, en að sama skapi er ljóst að það er ríkari hluti mannkyns sem fyrst og fremst ber ábyrgð á þeim loftslagsbreytingum sem stafa af losun gróðurhúsalofttegunda. Þannig hafa afleiðingarnar fram að þessu verið mun minni hjá þeim sem hafa átt mestan þátt í að koma þeim af stað en hinum sem eiga litla sem enga sök á þeim.² Sáttmálinn sem undirritaður var í París í desember 2015 markaði þáttaskil í baráttunni gegn loftslagsvánni vegna þess að þar komu ríki heims sér loks saman um sameiginleg loftslagsmarkmið og samþykktu að vinna saman að því að halda aftur af hnattrænni hlýnun.³ En þó að Parísarsáttmálinn hafi breytt miklu þá höfðu á leiðinni til Parísar glatast mörg tækifæri til þess að stöðva þróunina á fyrri stigum og koma í veg fyrir skaða sem þá þegar var orðinn.⁴

Á síðustu árum hefur átt sér stað ákveðin vitundarvakning í kjölfar aukinna upplýsinga og áherslu á mikilvægi þess að við, sem byggjum þessa jörð, bregðumst án tafar við á viðeigandi hátt. Niðurstöður rannsókna á loftslagsbreytingum og afleiðingum þeirra eru afgerandi. Í upphafi skýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar sem kom út hér á landi árið 2018 segir m.a.:

¹ Rachel O'Connor, „Mary Robinson’s ‘3 Steps for Climate Justice’ and Advice for Extinction Rebellion“, *The Irish Post*, 25. október 2019, sótt 22. júlí 2021 af

<https://www.irishpost.com/news/mary-robinsons-3-steps-climate-justice-advice-extinction-rebellion-173016>. Ísl. þýðing greinarhöfundar.

² António Guterres, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, skrifaði m.a. í pistli sem birtist í íslensku dagblaði síðla árs 2019: „Loftslagsóreiðan er nú þegar sjáanleg frá Kaliforníu til Karíbahafsins og frá Nígeríu til norðurlóða. Þeir sem minnsta sök eiga á því hvernig komið er verða hardest fyrir barðinu á loftslagsbreytingum.“ António Guterres, „Loftslagsbreyting: Óstöðvandi hreyfing nær flugi“, *Morgunblaðið* 8. október 2019, sótt 22. júlí 2021 af <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1734745/?t=262562700&t=1627333367.0603929>.

³ „The Paris Agreement: What is the Paris Agreement?“, *United Nations: Climate Change*, sótt 22. júlí 2021 af <https://unfccc.int/process-and-meetings/the-paris-agreement/the-paris-agreement>.

⁴ Sjá grein Halldórs Björnssonar, „Leiðin til Parísar“, *Timarit Hins íslenska náttúrufræðifélags* 3–4/2015, bls. 95–96.

Hlýnun jarðar er óumdeilanleg og benda margar athuganir til breytinga frá því um miðbik síðustu aldar sem eru fordæmalausar hvort sem lítið er til síðustu áratuga eða árhúsunda. Lofthjúpurinn og heimshöfin hafa hlýnað, dregið hefur úr magni og útbreiðslu snævar og íss auk þess sem sjávarborð hefur hækkað og styrkur gróðurhúsalofttegunda aukist.⁵

Í skýrslu Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) sem kom út í ágúst 2021 er lögð áhersla á mikilvægi þess að brugðist sé við vaxandi áhrifum loftslagshlýnunar með miklum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda svo að mögulegt sé að mæta viðmiðum Parísar-samkomulagsins.⁶ António Guterres, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hafði þetta að segja við útgáfu skýrslunnar:

Hlýnunin nemur nú 1.2 gráðum og fer hækkanði. Hlýnunin hefur aukist hröðum skrefum undanfarna áratugi. Hvert gráðubrot skiptir máli. Uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda hefur aldrei verið meiri í andrúmsloftinu. Öfgaveðurfar og náttúruhamfarir af völdum loftslagsins verða sífelld algengari og öflugri. Þess vegna verður Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Glasgow síðar á árinu afar mikilvæg.⁷

Inger Andersen, forstjóri UNEP, Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna, beindi orðum sínum til Loftslagsnefndarinnar við sama tilefni:

Þið hafið varað okkur í þrjá áratugi við þeim hættum sem fylgja því að láta plánetuna hitna. Heimurinn hlustaði en heyrði ekki. Heimurinn hlustaði en aðhafðist ekki nóg. Af þeim sökum eru loftslagsbreytingar orðnar slíkt vandamál sem raun ber vitni. Enginn er öruggur og ástandið versnar hratt.⁸

Af orðum þessara yfirmanna Sameinuðu þjóðanna er ljóst að viðbrögðin við upplýsingum vísindamanna eru í engu samræmi við þá ógn sem lífi á jörðinni stendur af breytingum á loftslagi síðustu áratugina. Á Loftslagsþingi Sameinuðu þjóðanna sem haldið var í Glasgow, COP26, í byrjun nóvember 2021 var hart tekist á um leiðir til að bregðast við loftslagsógninni.⁹ Niðurstaðan var málamiðlun sem margir litu á sem fullkominn ósigur en aðrir,¹⁰ þar á meðal Guterres, lögðu aftur á móti áherslu á mikilvægi þess að baráttan fyrir framtíð

⁵ Halldór Björnsson, Bjarni D. Sigurðsson, Brynhildur Davíðsdóttir, Jón Ólafsson, Ólafur S. Ástþórsson, Snjólaug Ólafsdóttir, Trausti Baldursson og Trausti Jónsson, *Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi: Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2018*, [Reykjavík]: Veðurstofa Íslands, 2018, bls. 7, sótt 10. september 2021 af <https://www.vedur.is/media/loftslag/Skyrsla-loftslagsbreytingar-2018-Vefur-NY.pdf>.

⁶ „Summary for Policymakers“, *Climate Change 2021: The Physical Science Basis. Contribution of Working Group I to the Sixth Assessment Report of the Intergovernmental Panel on Climate Change*, [fritstj. V. Masson-Delmotte, P. Zhai, A. Pirani, S.L. Connors, C. Péan, S. Berger, N. Caud, Y. Chen, L. Goldfarb, M.I. Gomis, M. Huang, K. Leitzell, E. Lonnoy, J.B.R. Matthews, T.K. Maycock, T. Waterfield, O. Yelekçi, R. Yu og B. Zhou], [án útgáfustaðar]: Cambridge University Press, 2021, sótt 10. september 2021 af https://www.ipcc.ch/report/ar6/wg1/downloads/report/IPCC_AR6_WGI_Full_Report.pdf.

Veðurstofa Íslands tók saman helstu áhersluatriði skýrslunnar: „Afráttarlaus skýrsla Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar“, [Reykjavík]: Veðurstofa Íslands 9. ágúst 2021, sótt 10. september 2021 af <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/afdrattarlaus-skyrsla-sameinudu-thjodanna-um-loftslagsbreytingar>.

⁷ „Guterres: Skýrsla loftslagsnefndar er rauð aðvörðun fyrir mannkynið“, Sameinuðu þjóðirnar, Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna fyrir Vestur-Evrópu 9. ágúst 2021, sótt 10. september 2021 af <https://unric.org/is/guterres-skyrsla-loftslagsnefndar-er-raud-advorun-fyrir-mannkynid/>.

⁸ Sama heimild.

⁹ Í opnunarræðu sinni sagði Guterres m.a.: „Við stöndum frammi fyrir afráttarlausu vali: annað hvort stöðvum við þetta eða það stöðvar okkur. Það er kominn tími til að segja hingað og ekki lengra. Hættum að drepa okkur á kolefni. Hættum að umgangast náttúruna eins og salerni.“ Róbert Jóhannsson, „Guterres: Hættum að umgangast náttúruna eins og salerni“, *ruv.is* 1. nóvember 2021, sótt 20. nóvember 2021 af <https://www.ruv.is/frett/2021/11/01/guterres-haettum-ad-umgangast-natturunu-eins-og-salerni>.

¹⁰ Greta Thunberg sagði að niðurstöður COP26 mætti draga saman í þrjú orð, „bla, bla, bla“. Ævar Örn Jósepson, „Samantekt Gretu Thunberg: „Bla, bla, bla“, *ruv.is* 14. nóvember 2021, sótt 20. nóvember 2021 af <https://www.ruv.is/frett/2021/11/14/samantekt-gretu-thunberg-bla-bla-bla>.

jarðarinnar haldi áfram og nú af auknum krafti til þess að koma í veg fyrir það sem hann kallaði loftslagshamfarir (e. *climate catastrophe*).¹¹

„Rödd hrópanda í eyðimörk“

Fáir einstaklingar hafa átt meiri þátt í því að auka meðvitund fólks um loftslagsógnina á allra síðustu árum en sænski aðgerðasinninn Greta Thunberg. Eins og frægt er orðið hóf Greta skólaverkfall sitt í þágu loftslagsins (s. *Skolstrejk för klimatet*) í ágúst 2018, þá aðeins 15 ára gömul. Það sem vakti fyrir henni var að þrýsta á sænsk stjórnvöld í aðdraganda þingkosninga í Svíþjóð að standa við skuldbindingar sínar í Parísarsamkomulaginu. Þó að það hafi ekki verið markmið Gretu, urðu mótmæli hennar að alþjóðlegri hreyfingu á tiltölulega skömmum tíma. Greta hefur frá upphafi lagt áherslu á hversu mikilvægt er að hlustað sé á niðurstöður rannsókna og varnaðarorð fræðasamfélagsins. Hún talar skýrt og dregur upp áhrifamiklar myndir af ástandinu, eins og t.d. þegar hún segir að hlutverk hennar sé að benda á þá staðreynd að „húsið okkar sé að brenna“ og kallar eftir því að valdhafar bregðist við í samræmi við það. Um sé að ræða neyðarástand, einfaldlega af því að allt líf á jörðunni er í hættu.¹² Hún telur brýna þörf á því að fólk vakni til meðvitundar um það sem er að gerast. Hlutverk aðgerðasinna, eins og hennar, sé að kalla eftir viðbrögðum almennings sem síðan beiti stjórnvöld þrýstingi til að grípa til aðgerða. Það þurfi nefnilega ekki aðeins breytta forgangsröð þegar kemur að daglegri breytni fólks, heldur líka róttæka endurskoðun á stefnumiðum og samfélagskerfum. Með því að draga úr eigin kolefnisspori geti einstaklingar vakið athygli á því sem er að gerast, en það sé aðeins á færi þeirra sem taka ákvarðanir og hafa vald til að framkvæma að koma í veg fyrir áframhaldandi hlýnun og þær skelfilegu afleiðingar sem hún mun hafa í för með sér.¹³

Hvað hafa guðfræðingar til málanna að leggja?

Viðfangsefni þessarar greinar er ábyrgð mannfólksins á hlýnandi loftslagi og þær afleiðingar sem breytt veðurfar hefur þegar haft í för með sér og mun hafa á næstu árum, haldi áfram að hlýna. Hugtakið „loftslagsréttlæti“ (e. *climate justice*)¹⁴ gegnir hér mikilvægu hlutverki, en það er samsett úr hugtökunum loftslagsbreytingar (e. *climate change*) og félagslegt réttlæti (e. *social justice*). Með því er lögð áhersla á að loftslagsbreytingar kalla ekki bara eftir tæknilegum

¹¹ „Statement by António Guterres on the Conclusion of the UN Climate Change Conference COP26“, United Nations Indonesia, 16. nóvember 2021, sótt 20. nóvember 2021 af <https://indonesia.un.org/index.php/en/158770-statement-antonio-guterres-conclusion-un-climate-change-conference-cop26>.

¹² Greta Thunberg, Malena Ernman, Beata Ernman, Svante Thunberg, *Húsið okkar brennur*, ísl. þýð. Eyrún Edda Hjörleifsdóttir, Reykjavík: JPV, 2019. Sjá ritdóm um bókina *Húsið okkar brennur*, sem Greta skrifaði ásamt foreldrum hennar og systur: Arnfríður Guðmundsdóttir, „Ritdómur, *Húsið okkar brennur*“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 50/2020, bls. 101–104, DOI: [10.33112/theol.50.8](https://doi.org/10.33112/theol.50.8). Sjá einnig: Arnfríður Guðmundsdóttir, „The Voice of One Crying Out in the Wilderness“, *Dialog: A Journal of Theology* 59:2/2020, bls. 58–60, sótt 10. desember 2021 af <https://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/dial.12545>.

¹³ „Europe 2021: Greta Thunberg and Luisa Neubauer on International Climate Change Action“, sótt 15. júlí 2021 af <https://www.youtube.com/watch?v=nekU4OibWCY>.

¹⁴ Hugtakið kemur m.a. fram í Parísarsamningnum frá 2015. Sjá: „Parísarsamningurinn“, sótt 10. mars 2021 af <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Par%C3%ADsarsamningurinn.pdf>.

lausnum til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda, heldur snýst þetta ekki síður um réttlæti til handa þolendum, þeim sem verða verst úti vegna breytinganna. Lögð er sérstök áhersla á áhrif hlýnunar á konur sem eru jaðarsettar í sínum samfélögum. Horft er á viðfangsefnið út frá sjónarhorni femínískrar guðfræði og rýnt í þá guðfræðilegu orðræðu sem hefur verið að mótast á síðustu árum um loftslagsvána og afleiðingar hennar.

Femínísk umhverfisguðfræði (e. *eco-theology*) og síðar loftslagsguðfræði (e. *climate-theology*) hefur verið áberandi síðustu áratuginna og má í því samhengi nefna áhrifamikla bandaríska guðfræðinga eins og Rosemary Radford Ruether, Elizabet A. Johnson og Ivone Gebara, sem eiga rætur innan rómversk-kaþólsku kirkjunnar, og mótmælendaguðfræðingana Sally McFague, Catherine Keller og Cynthia Moe-Lobeda. Allar hafa þessar konur haft mótandi áhrif á guðfræðiumræðuna á heimsvísu, en á síðustu árum hefur hópur femínískra guðfræðinga sem leggja áherslu á loftslagsmál og loftslagsréttlæti farið ört stækkandi. Bók Sólveigar Önnu Bóasdóttur *Guð og gróðurhúsaáhrif: Kristin siðfræði á tímum loftslagsbreytinga* (2017) er fyrsta íslenska bókin sem komið hefur út um loftslagsguðfræði, en á síðustu árum hafa komið út greinar á þessu sviði eftir íslenska guðfræðinga sem einnig skrifa út frá femínísku sjónarhorni.¹⁵ Af þeim fjölda rita um loftslagsguðfræði sem hafa komið út á síðustu árum stendur stórvirkið *T&T Clark Handbook of Christian Theology and Climate Change* (2020) upp úr, en Ernst M. Conradie og Hilda P. Koster ritstýrðu því. Í ritinu eru áhrifamiklum straumum innan loftslagsguðfræðinnar gerð góð skil, sem og samtalinu við aðrar vísindagreinar. Hin alþjóðlega vídd sem þarna er að finna er einstök og ómetanlegur fjársjóður fyrir guðfræðinga sem leggja stund á rannsóknir á sviði loftslagsguðfræði.¹⁶

Áherslan á loftslagsréttlæti og Frans páfi

Það er enginn stikkfrí þegar kemur að þeim risavaxna vanda sem mannkynið stendur nú frammi fyrir og tengist hlýnun jarðar. Eigi þau markmið sem er að finna í Parísarsamkomulaginu að nást þá þurfa allir að leggja sitt af mörkum. Aðgerðasinnar eins og Greta Thunberg gegna veigamiklu hlutverki í þessu samhengi því að þau vekja athygli á ástandinu og gera þannig öðrum erfitt fyrir að láta eins og ekkert sé. Ábyrgð vísindanna er mikil og ekki aðeins „hörðu“ vísindanna sem sjá okkur fyrir nauðsynlegum upplýsingum um þróun mála. Síðustu ár hefur komið fram sterk gagnrýni á að umræðan sé of tæknileg og þess vegna hefur verið kallað eftir því að fleiri komi að borðinu, einnig þau

¹⁵ Sjá t.d.: Arnfríður Guðmundsdóttir, „Siðbót 21. aldar: Guðfræðileg viðbrögð við aðsteðjandi umhverfisvanda“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 46/2018, bls. 3–14; Sigríður Guðmarsdóttir, „Water as Sacrament: Tillich, Gender and Liturgical Eco-Justice“, *Dialog: A Journal of Theology* 53:2/2014, bls. 110–117.

<https://doi.org/10.1111/dial.12100>; Sólveig Anna Bóasdóttir, „Loftslagsbreytingar í guðfræði: Um breytta guðsmynd í kristinni femínískri vistguðfræði“, *Ritrið: Tímarit Hugvísindastofnunar* 3/2011, bls. 99–118.

¹⁶ Ernst M. Conradie og Hilda P. Koster ritstj., *T&T Clark Handbook of Christian Theology and Climate Change*, London: T&T Clark, 2020. Í bókinni, sem er rúmlega 700 bls. að stærð, er að finna greinar eftir 80 fræðimenn, víðs vegar úr heiminum.

sem láta sig varða gildi og gildismat, sem m.a. tengjast trúar- og lífsskoðunum fólks.¹⁷

Hugtakið *loftslagsréttlæti* hefur verið áberandi í femínískri loftslagsguðfræði (e. *climate theology*) á síðustu árum. Það er t.d. lykilhugtak í greinasafninu *Planetary Solidarity: Global Women's Voices on Christian Doctrine and Climate Justice* (2017).¹⁸ Um er að ræða fyrsta rit sinnar tegundar en þar fjalla femínískir guðfræðingar víðs vegar að úr heiminum um áhrif loftslagsvandans á konur og nauðsynlega endurskoðun á kjarnaatriðum kristinnar guðfræði í ljósi hans. Ritstjórar bókarinnar, Grace Ji-Sun Kim og Hilda P. Koster, gefa í formála að bókinni eftirfarandi skilgreiningu á loftslagsréttlæti:

... Með hugtakinu *loftslagsréttlæti* er gengið út frá því að hlýnun jarðar flokkist ekki aðeins sem umhverfismál, heldur einnig sem siðferðilegt, pólitískt, félagslegt og trúarlegt viðfangsefni. Loftslagsréttlæti er gjarnan flokkað sem mannréttindamál af því að loftslagsbreytingar hafa alvarlegustu afleiðingarnar á lífsskilyrði og heilsu fólks sem hefur mjög skert pólitísk og efnahagsleg völd...¹⁹

Þar sem greinarnar í *Planetary Solidarity* eru skrifaðar í kjölfar útgáfu páfabréfs Frans páfa, *Laudato Si'* (2015),²⁰ er boðskapur páfa mörgum greinarhöfundum í fersku minni. Rit páfa hefur á síðustu árum haft mikil og jákvæð áhrif á guðfræðilega orðræðu um loftslagsbreytingar. Páfa er í riti sínu tíðrætt um þá sam-eiginlegu ábyrgð sem íbúar jarðarinnar bera gagnvart Guði, skapara sínum, en hann leggur einnig áherslu á að taka þurfi mið af ólíkum aðstæðum fátækra og ríkra. Af þessum sökum telur páfi að öll umræða um umhverfismál sé óhjákvæmilega tengd umfjöllun um félagslegar aðstæður og réttlæti til handa öllum íbúum jarðarinnar.²¹ Þrátt fyrir áherslur páfa á samstöðu með þeim sem mest finna fyrir afleiðingum loftslagsbreytinga er það mat margra greinahöfundanna í *Planetary Solidarity* að páfi taki ekki inn í myndina stöðu fátækra kvenna og ástæður þess að loftslagsbreytingar koma hvað verst niður á þeim.

Rit páfa frá 2015 hefur haft áhrif víða og áhrifin eru alls ekki bundin við hans eigin kirkjudeild. Ivone Gebara er rómversk-kaþólskur guðfræðingur frá Brasilíu sem hefur á síðustu áratugum verið leiðandi rödd innan femínískrar umhverfisguðfræði. Hún er í hópi þeirra sem hafa gagnrýnt páfa fyrir kynjafordóma og kynjablindu. Í grein sinni „Þjáning kvenna, loftslagsóréttlæti, Guð og guðfræði Frans páfa: Í ljósi aðstæðna í Brasilíu“, sem er að finna í greinasafninu sem er hér til umræðu viðurkennir Gebara mikilvægi þess að Frans páfi tjái sig um samfélagsleg álitamál, sér í lagi um hnattræna hlýnun og vandamál sem tengjast henni. Það sem hún telur ámælisvert í málflutningi páfa er að hann taki ekki tillit til kvenna og aðstæðna þeirra og gerist þannig sekur um að þagga niður í þeim. Gebara segir páfa ekki gefa konum tækifæri til að tjá sig um aðstæður sínar og það sem veldur þeim þjáningu, ekki heldur um það sem þær vanhagar um, en hann tali þess í stað fyrir hönd þeirra. Páfi komi þannig í veg

¹⁷ *Faith for Nature* er samráðsvettvangur íslenskra og erlendra vísindamanna og fulltrúa ólíkra trúarbragða, sem stóð m.a. að stórrí alþjóðlegri netráðstefnu í október 2020 sem var stjórnað úr Skálholti. Sjá: *Faith for Nature*, sótt 1. september 2021 af <https://faithfornature.org>.

¹⁸ Grace Ji-Sun Kim og Hilda P. Koster ritstj., *Planetary Solidarity: Global Women's Voices on Christian Doctrine and Climate Justice*, Minneapolis: Fortress Press, 2017.

¹⁹ Sama heimild, bls. 2. Ísl. þýðing greinarhöfundar.

²⁰ *The Encyclical Letter: Laudato Si' — On Care for Our Common Home*, New York: Paulist Press, 2015.

²¹ Sama heimild, bls. 32.

fyrir að staða kvenna sé rædd og feti með því í fótspor rómantísku stefnunnar, þar sem konum var lyft á stall og glansmynd dregin upp af þeim, og hann gefi konum þar með ekki rými til að segja sjálfar frá.²² Gebara gagnrýnir páfa jafnframt fyrir að taka ekki tillit til femínískrar gagnrýni á ofurvald karla og staðalmyndir af konum:

Það er engin viðurkenning á eða vilji til þess að veita aðstæðum raunverulegra kvenna athygli og heyra hvað þær hafa að segja. Það er ... engin raunveruleg breyting á guðfræðilegri orðræðu eða táknerfum.²³

Í stað þessarar karllægu nálgunar Frans páfa vill Gebara skoða loftslags-óréttlætið út frá aðstæðum kvenna sem það bitnar á. Hún leggur áherslu á að ákveðnir hópar í ólíkum heimshlutum, sér í lagi konur, búi við ótryggar pólitískar aðstæður og annað óöryggi. Þessar aðstæður endurspeglir þann ójöfnuð sem víða ríki á milli kynjanna, en einnig á milli hvíttra og svartra kvenna og kvenna úr hópi frumbyggja eða annarra jaðarhópa.²⁴

Jaðarsettar konur og hlýnandi veðurfar

Ákallið um aðgerðir til að bregðast við neyð ört vaxandi hóps þolenda hlýnandi veðurs verður stöðugt háværara. Að sama skapi fjölgar í hópi þeirra sem vilja láta um sig muna í baráttunni gegn loftslagsvánni. Dæmi um áhrifamikinn einstakling sem hefur á síðustu árum látið mikið að sér kveða á þessum vettvangi er Mary Robinson, fyrrverandi forseti Írlands og sérstakur talsmaður Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Robinson hefur lagt mikla áherslu á loftslagsréttlæti. Hún telur að mestu máli skipti að beina athyglinni að mannréttindum og baráttunni fyrir réttlæti til handa þeim sem veikast standa gagnvart yfirvofandi ógn en hafa um leið átt minnstan þátt í að skapa hana.²⁵ Það er mat hennar að það sé til einskis að berjast fyrir réttindum fólks til að hafa aðgang að fæðu, hreinu vatni, heilbrigðisþjónustu, menntun og húsaskjóli, nema að taka inn í myndina þau áhrif sem hækkandi hitastig hefur á aðstæður þess. Þess vegna þurfi baráttan gegn fátækt, útilokun og ójafnrétti að eiga sér stað samhliða baráttunni gegn hlýnunar jarðar.²⁶

Það er margt sem bendir til þess að full ástæða sé til að beina sérstakri athygli að konum og þeim vanda sem þær búa við vegna hamfarahlýnunar.²⁷ Femínískir fræðimenn hafa bent á að rannsóknir þar sem hugað er sérstaklega að

²² Ivone Gebara, „Women’s Suffering, Climate Injustice, God, and Pope Francis’s Theology: Some Insights from Brazil“, *Planetary Solidarity: Global Women’s Voices on Christian Doctrine and Climate Justice*, Grace Ji-Sun Kim og Hilda P. Koster ritsjtj., Minneapolis: Fortress Press, 2017, bls. 67–80, hér 76.

²³ Sama heimild. Ísl. þýðing greinarhöfundar.

²⁴ Sama heimild, bls. 71.

²⁵ Mary Robinson, *Climate Justice: Hope, Resilience, and the Fight for a Sustainable Future*, New York: Bloomsbury, 2018, bls. x. Sjá umfjöllun um Mary Robinson og bók hennar: Arnfríður Guðmundsdóttir, „Ritdómur: *Climate Justice: Hope, Resilience, and the Fight for a Sustainable Future*, eftir Mary Robinson, New York: Bloomsbury, 2018, 163 bls.“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 49/2019, bls. 118–120, DOI: [10.33112/theol.49.7](https://doi.org/10.33112/theol.49.7). Sjá einnig TED Talks fyrirlestur Robinson, „Why Climate Change Is a Threat to Human Rights“, sótt 15. maí 2021 af <https://www.youtube.com/watch?v=7JVfirBEfho>.

²⁶ Í blaðaviðtali haustið 2019 sagði Robinson að hún teldi ekki við hæfi að tala um loftslagsbreytingar, þar sem hugtakið væri of hlutlaust. Frekar vildi hún tala um neyðarástand, hamfarir eða beinlínis hrun í loftslagsmálum. Sjá: Rachel O’Connor, „Mary Robinson’s ‘3 Steps for Climate Justice’ and Advise for Extinction Rebellion“, Mary Robinson, *Climate Justice*, bls. 4.

²⁷ Arnfríður Guðmundsdóttir, „How Climate Change Is Changing the Lives of Women and Why We Need to Know about It“, *Dialog: A Journal of Theology* 58:2/2019, bls. 90.

kynjavinklinum (en slíkar rannsóknir eru því miður enn af skornum skammti) sýni að hlýnandi loftslag hafi önnur og gjarnan róttækari áhrif á konur en karla. Þá hefur verið gagnrýnt að kynjagslasiða eða kynjablinda hafi oft haft áhrif á rannsóknir og túlkun á niðurstöðum rannsókna (eins og bent hefur verið á að sé raunin í riti Frans páfa hér að framan). Af þessum sökum hefur undanfarið verið lögð vaxandi áhersla á þær áskoranir sem konur standa frammi fyrir á stöðum þar sem áhrifa breytts veðurfars gætir í auknum mæli, t.d. vegna skorts á vatni, minnkandi uppskeru og aukins vinnuálags. Konur eru oft einar um að sinna um fjölskyldur sínar þar sem breyttar aðstæður gera það að verkum að eiginmenn þeirra þurfa að flytja að heiman í leit að atvinnu. Til þess að auka þekkingu almennt á aðstæðum þessara kvenna er farið að leggja áherslu á að þær fái tækifæri til að segja frá reynslu sinni. Gott dæmi er bók Mary Robinson *Hope, Resilience and the Fight for a Sustainable Future* (2018) en hún er samin í anda sannleiks- og sáttanefndarinnar sem sett var á fót til að gera upp gróf mannréttindabrot í Suður-Afríku á tímum aðskilnaðarstefnunnar. Í bókinni eru sögur kvenna (og örfárra karla) sem allar bera vitni um þrautseigju, hugrekki og leitina að loftslagsréttlæti, andspænis erfiðleikum, vonleysi og óréttlæti sem rekja má til hamfarahlýnunar.

Þá má einnig nefna heimildamyndir sem gerðar hafa verið í sama tilgangi og bók Robinson. Ein slík kallast *Weathering Change* sem er samsett af stuttum sögum kvenna sem segja frá afleiðingum loftslagsbreytinga á líf sitt.²⁸ Afleiðingarnar snúast að miklu leyti um vatn, sem er ýmist alltof mikið af eða alltof lítið. Í stað árstíðabundinna rigninga og þurrka glímir fólk víða við afleiðingar flóða, sem skola burtu jarðvegi og byggingum. Langvarandi þurrkar gera öðrum erfitt fyrir að draga fram lífið án þess að hafa aðgang að hreinu vatni. Allt eru þetta sögur um fátækar konur sem hafa lengi búið við harðan kost, en eftir að áhrifa loftslagsbreytinga fór að gæta í meira mæli en áður hafa lífsskilyrði þeirra versnað til muna.

Margar ástæður eru fyrir því að talið er að gróðurhúsaáhrifin komi harðar niður á konum en körlum víða um heim. Til að forðast misskilning skal það áréttað hér að ekki er verið að gefa í skyn að allar konur séu eins, eða aðstæður þeirra sambærilegar. Reynslan sýnir að fátækar konur í viðkvæmum aðstæðum verða verst úti þegar kemur að afleiðingum hlýnandi loftslags.²⁹ Í fyrsta lagi býr fjöldi kvenna við fátækt og takmarkað aðgengi að menntun, sem tengist tíðum kynjamisrétti og ofbeldi, oft af kynferðislegum toga. Ákveðin áhrif af völdum loftslagsbreytinga ýta svo gjarnan undir bága stöðu þeirra, m.a. skort á nauðsynjum, tekjuskort, flutninga, óstöðugleika og öryggisleysi.³⁰ Þegar staða jaðarsettra kvenna er skoðuð er því mikilvægt að taka fleira en kyn þeirra inn í

²⁸ *Weathering Change*, heimildamynd gerð af Population Action International, sótt 20. maí 2021 af <https://www.youtube.com/watch?v=hPy3pLBZvuE>.

²⁹ Sjá t.d. heimildamyndirnar *What's at Stake: Climate Change is Worse for Women*, sótt 2. júní 2021 af <https://www.youtube.com/watch?v=paepDl4znA>; *Women on the Front Lines of Climate Change*, sótt 3. júní 2021 af <https://www.youtube.com/watch?v=FpOgWC6QPg>; *Women Building Resistance to Climate Change and Disaster in Africa*, sótt 10. júní 2021 af <https://www.youtube.com/watch?v=1AD6Q4aEIns>.

³⁰ Sjá t.d.: Idowu Ajibade, Gordon McBean og Rachel Bezner-Kerr, „Urban Flooding in Lagos, Nigeria: Patterns of Vulnerability and Resilience Among Women“, *Global Environmental Change* 23/2013, bls. 1714–1725; Trish Glazebrook, „Women and Climate Change: A Case-Study from Northeast Ghana“, *Hypatia* 26:4/2011, bls. 762–782.

myndina þar sem aðrar breytur, eins og kynþáttur, þjóðerni, félagsleg staða, menningarlegur bakgrunnur, fötlun, fátækt og samspil þessara þátta, ráða einnig miklu um það hversu mikil áhrifin verða (e. *intersectionality*).

Í Alaska búa um 85% íbúa á strandlengjunni þar sem hlýnandi veðurfar hefur víða orðið til þess að jarðvegurinn þiðnar og húsin ýmist sökkva eða steypast í sjóinn.³¹ Af þessum sökum hafa heilu samfélögin þurft að taka sig upp og finna sér nýjan samastað. Patricia Cochran segir sögu sína í bók Mary Robinson *Climate Justice*, en hún er af ættum frumbyggja í Alaska. Cochran leggur áherslu á að hennar fólk hafi orðið vitni að afleiðingum loftslagsbreytinga löngu áður en vísindamenn fóru að nota það hugtak. Sjálf hefur hún starfað í þrjá áratugi við að hjálpa sínu fólk að bregðast við breyttum aðstæðum. Starf hennar felst m.a. í því að koma á tengslum milli samfélaga frumbyggja í Alaska og fulltrúa stjórnvalda og sérfræðinga á þeirra vegum.³² Cochran ferðast einnig til annarra ríkja innan Bandaríkjanna í þeim tilgangi að fræða fólk um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á íbúa Alaska. Hún segir það hafa komið sér á óvart hversu lítið margir samlandar hennar viti um áhrifin sem hlýnandi loftslag hefur þegar haft á lífsskilyrði fólks norður við Íshaf. Sömuleiðis telur hún fólk illa upplýst um þá hættu sem íbúum fylkja sem liggja við sjó stafar af hækkandi sjávarborði sem bráðnun íss í norðri getur haft í för með sér á komandi árum og áratugum.³³

Séu samfélög frumbyggja skoðuð sérstaklega kemur í ljós að víða er brotið harkalega á mannréttindum þeirra sem þar búa, ekki síst kvenna. Það á einnig við um fórnarlömb loftslagsbreytinga. Þetta er t.d. niðurstaða nýlegrar rannsóknar á stöðu kvenna af ættum frumbyggja á norðurslóðum, sem unnin var í háskólanum í Waterloo í Kanada og Lapplandi í Finnlandi. Í niðurstöðum þessarar rannsóknar segir m.a. að þó að mannréttindi kvenna séu formlega tryggð í sáttmála Sameinuðu þjóðanna (*Convention on the Elimination of Discrimination against Women* — CEDAW) og mannréttindi frumbyggja séu sömuleiðis viðurkennd í öðrum sáttmála Sameinuðu þjóðanna (*The UN Declaration on the Rights of Indigenous Peoples* — UNDRIP), þá sé réttur kvenna á meðal frumbyggja oft vanvirtur bæði á heimaslóðum og í alþjóðlegu samhengi. Þegar kemur að áhrifum loftslagsbreytinga sé gjarnan brotið kerfisbundið á réttindum kvenna af ættum frumbyggja og þess vegna sé þeim mismunað eða þær útilokaðar í eigin samfélögum, sem og í stærra félagslegu samhengi.³⁴

Rannsóknir sýna að hlýnun á norðurslóðum er umtalsvert hraðari en hlýnun annars staðar á jörðinni og af þeim sökum breytast aðstæður fólksins sem þar býr mjög hratt. Íbúarnir þurfa því sífellt að aðlagast nýjum aðstæðum. Slík aðlögun krefst oft róttækra breytinga á lífsháttum sem hafa verið þeir sömu í áratugi eða jafnvel aldir. Konur í mörgum samfélögum frumbyggja búa við sérstaklega erfiðar aðstæður vegna þess m.a. að þær eiga oft erfitt með að eignast land eða hljóta viðurkenningu sem landeigendur. Þetta snertir einnig rétt þeirra til aðgangs að náttúrauðlindum og nýtingar þeirra. Þó að meðvitund um

³¹ Mary Robinson, *Climate Justice*, bls. 48–49.

³² Sama heimild, bls. 46–47.

³³ Sama heimild, bls. 52–54.

³⁴ Tahnee Lisa Prior og Leena Heinämäki, „The Rights and Role of Indigenous Women in the Climate Change Regime“, *Arctic Review on Law and Politics* 8/2017, bls. 193–221, hér 209–210.

veika stöðu þessara kvenna sé að aukast, þá er niðurstaða þeirra sem stóðu að rannsókninni sem vísað er í hér að framan, að breytingar konum í hag gerist mjög hægt. Því þurfi konur úr hópi frumbyggja oft að velja á milli þess að standa sérstaklega með réttindum sínum eða réttindum alls hópsins, sem oftast en ekki er stýrt af körlum og með hagsmuni karla að leiðarljósi. Af þessum sökum þurfi að gera konum kleift að verða virkari þátttakendur í hópi stjórnenda og að eiga meiri þátt í að taka ákvarðanir í mikilvægum málum en nú er gert, hugsanlega með innleiðingu kynjakvóta.³⁵

Samar á Norðurslóðum hafa, líkt og frumbyggjar í Alaska, fundið fyrir miklum breytingum á umhverfi sínu í kjölfar hækkandi hitastigs á síðustu áratugum.³⁶ Jannie Staffansson sem tilheyrir þjóðflokki Sama í Norður-Svíþjóð er á meðal þeirra sem segir sögu sína í bók Mary Robinson, en hún gegndi m.a. mikilvægu hlutverki sem talskona frumbyggja á norðurslóðum á Parísarfundinum í desember 2015. Staffansson er efnafræðingur að mennt og starfar á vegum Samaráðsins við að uppfærða fólk víðs vegar um heiminn um lifnaðarhætti Sama og baráttu þeirra við breyttar aðstæður og harðnandi lífskjör. Vegna hlýnandi loftslags er erfitt fyrir Sama að stunda hefðbundinn búskap, en framtíð þeirra er einnig ógnað með olíu- og gasvinnslu, sem og vindmyllugörðum sem hafa neikvæð áhrif á daglegt líf þeirra og lífsviðurværi.³⁷ Eins og raunin er með aðra minnihlutahópa hefur það verið reynsla Staffansson og fjölskyldu hennar að sænsk stjórnvöld hafi sýnt lítinn skilning á stöðu þeirra og virt réttindi þeirra að vettugi. Hún segist einnig hafa orðið vör við mikið skilningsleysi á alvarlegum afleiðingum loftslagsbreytinga á daglegt líf frumbyggja á norðurslóðum á fundinum í París 2015 og það hafi kostað hana og aðra fulltrúa frumbyggja mikla baráttu að tryggja að réttindi þeirra væru að fullu virt í samkomulaginu áður en það var undirritað.³⁸

Vitneskja um stöðu kvenna í jadarsettum hópum sýnir hversu brýnt er að taka kynjapáttinn inn í myndina þegar kemur að leiðum til að vinna gegn hlýnandi loftslagi og áhrifum þess. Í bókinni *Drawdown: The Most Comprehensive Plan Ever Proposed to Reverse Global Warming* (2017)³⁹ er að finna lista yfir áhrifamiklar aðgerðir til að bregðast við loftslagsvánni. Þar er menntun stúlkna númer sex og númer sjö er stjórnun barneigna, sem m.a. felst í því að veita konum aðgang að getnaðarvörnum. Menntun stúlkna og stjórnun barneigna fylgir fast á eftir öðrum mikilvægum þáttum, eins og vindorku, minnkun matarsóunar og aukinnar grænmetisneyslu. Í áttunda og tíunda sæti er aukin notkun á sólarorku, bæði frá sérstökum býlum (e. *solar farms*) og frá húspökum. Hversu ófullkominn sem þessi listi kann að vera þá er þar að finna vísbendingar um ýmislegt sem hægt er að gera, sem er ekki endilega tæknilega flókið, hávísindalegt eða mjög kostnaðarsamt, til að bæta kjör kvenna sem verða fyrir bardinu á afleiðingum hnattrænnar hlýnunar. Eins er mikilvægt að konum sé tryggð þátttaka í

³⁵ Sama heimild, bls. 210.

³⁶ Sama heimild, bls. 61.

³⁷ Sama heimild, bls. 63–64.

³⁸ Sama heimild, bls. 64–65.

³⁹ Paul Hawken ritstj., *Drawdown: The Most Comprehensive Plan Ever Proposed to Reverse Global Warming*, New York: Penguin Books, 2017, bls. 222–223.

ákvörðunum og stefnumótun. Þetta kemur m.a. fram í yfirlýsingu sem framkvæmdastjóri UN Women, Phumzile Mlambo-Ngcuka, sendi frá sér í tilefni af Alþjóðadegi umhverfisins 5. júní 2021. Hún hefur mál sitt á því að áréttta tengslin á milli kynjajafnréttis og loftslagsréttlætis:

Kynjajafnrétti og loftslagsréttlæti (e. *Climate justice*) eru svo samofin hugtök að þau eru órjúfanalega tengd. Staðreyndin er sú að loftslagsbreytingar bitna verr á konum og stúlkum – þær auka á fátækt þeirra og gerir þær útsettari fyrir kynbundnu ofbeldi.⁴⁰

Mlambo-Ngcuka telur að þrátt fyrir þá staðreynd að konur gegni mikilvægu hlutverki í uppbyggingu í kjölfar náttúruhamfara, þá séu þær engu að síður útilokaðar frá mikilvægri ákvarðanatöku. Þessu þurfi nauðsynlega að breyta. Hún heldur áfram:

Svo hægt sé að tryggja kynjamiðuð viðbrögð við loftslags- og umhverfisáhrifum þurfa konur að hafa jafnan aðgang að auðlindum þjóðríkja, auðlindum á borð við fjármagn, ræktarland, vatn og orku. Einnig þarf að auka þekkingu kvenna, styðja við málefni þeirra og tryggja þeim aðgang að tækninýjungum með því að afla kynjaðra gagna sem hægt er að styðjast við í allri áætlanagerð og framkvæmdum.⁴¹

Framkvæmdastjóri UN Women leggur sem sagt áherslu á menntun kvenna en einnig á mikilvægi þess að konur séu virkir þátttakendur í allri ákvarðanatöku, hvort sem um er að ræða fjárhagsleg, pólitísk, borgaraleg, félagsleg eða menningarleg málefni. Þessi áhersla er áberandi hvar sem fjallað er um nauðsynlegar aðgerðir til að auka rétt þeirra.⁴² Gott dæmi er áður nefnd bók Mary Robinson um loftslagsréttindi, en konurnar sem þar segja sögu sína eru allar sem ein boðberar breytinga (e. *agents of change*) og sögur þeirra vitnisburður um mikilvægi þess að fleiri konur fái ráðrúm til að hafa áhrif og til að boða breytt viðhorf með orðum sínum og athöfnum.

Himinn og jörð sem sköpunarverk Guðs

Þegar kemur að framlagi guðfræðinnar í umræðuna um hlýnandi loftslag og afleiðingar þess er mikilvægt að áréttta að hlutverk guðfræðinga hefur frá upphafi verið að túlka boðskap kristinnar trúar í ljósi aðstæðna hverju sinni og byggja þannig brú frá þátíð yfir í nútíð og áfram til framtíðar. Það sem kallast *kristin trúarhefð* er því samsett af fornum textum og túlkun þeirra allt fram til dagsins í dag. Þvert á það sem margir ætla er trúarhefðin (lat. *traditio*) ekki meitluð í stein, vegna þess að túlkun boðskaparins á sér ekki stað í eitt skipti fyrir öll. Nýjar aðstæður kalla á endurskoðun fyrri túlkunar og þess vegna ber

⁴⁰ Yfirlýsing frá framkvæmdastjóra UN Women, Phumzile Mlambo-Ngcuka, í tilefni af Alþjóðadegi umhverfisins þann 5. júní 2021, sótt 20. júní 2021 af

<https://unwomen.is/konur-og-stulkur-thurfa-ad-vera-i-forystu-i-barattunni-fyrir-loftslagsrettlaeti/>.

⁴¹ Sama stað.

⁴² Þetta kemur t.d. fram í svokölluðum jarðarsáttmála (e. *Earth Charter*) þar sem segir m.a.:

„Affirm gender equality and equity as prerequisites to sustainable development and ensure universal access to education, health care, and economic opportunity.

- a. Secure the human rights of women and girls and end all violence against them.
- b. Promote the active participation of women in all aspects of economic, political, civil, social, and cultural life as full and equal partners, decision makers, leaders, and beneficiaries.
- c. Strengthen families and ensure the safety and loving nurture of all family members.

Sótt 30. júní 2021 af <https://earthcharter.org/read-the-earth-charter/social-and-economic-justice/#3>.

túlkunin alltaf vitni um það sögulega samhengi sem hún verður til í. Eigi guðfræðin að geta talað inn í samtímann þurfa guðfræðingar að vera í nánnum tengslum við það sem er að gerast og hlusta á þær spurningar sem brenna á fólki. Hér er það samtalið sem skiptir mestu máli en ekki að setja fram endanleg svör og síðast en ekki síst er nauðsynlegt að hleypa að nýjum spurningum sem spretta upp við nýjar aðstæður.⁴³ Það má til sanns vegar færa að spurningar um loftslagsbreytingar séu á meðal þeirra spurninga sem brenna helst á fólki í dag. Hér er ekki bara spurt hvað valdi hlýnandi veðurfari, bráðandi jökklum, hækkandi sjávarmáli, súrnun hafs og því að dýrategundir séu í útrýmingarhættu. Tilvistarlegar spurningar sem varða merkingu og tilgang skipta miklu máli í þessu samhengi, en slíkar spurningar hafa gjarnan trúarlega skírskotun. Sem dæmi má nefna spurningar um upphaf og endi lífs, um gott og illt og um hlutverk okkar hér á jörðinni.

Allt frá tímum upplýsingarinnar hefur verið deilt um merkingu frásagnanna um sköpun heimsins og hvort beri að skilja þær bókstaflega eða ekki. Hér verður ekki farið ofan í saumana á þessum deilum en mikilvægt að áréttast að í þessari grein er gengið út frá því að eðli sköpunartextanna sé *ekki* að segja frá því *hvernig* himinn og jörð urðu til.⁴⁴ Tilgangur textanna í upphafi Fyrstu Mósebókar er fyrst og síðast að bera vitni um það að öll sköpunin, himinn og jörð, séu verk Guðs. Með öðrum orðum er verið að segja að upphafið (gr. *genesis*⁴⁵) sé að finna hjá Guði, skapara himins og jarðar. Sköpunarstefið er eitt af kjarnaatriðum kristinnar trúar eins og áréttast er í elstu játningatextum kristinnar kirkju, t.d. í Nikeujátningunni sem hefst með þessum orðum: „Ég trúi á einn Guð, föður almáttugan, skapara himins og jarðar, alls hins sýnilega og ósýnilega.“⁴⁶ Með þessu orðalagi er áréttast að kristin trú byggist á þeirri grundvallarhugmynd að ekkert sé Guði óviðkomandi, þar sem *allt* sé frá Guði komið.

Mikilvægt er skoða sköpunarfrásögurnar í fyrstu tveimur köflum Fyrstu Mósebókar í samhengi við aðra texta Gamla testamentisins sem fjalla um heiminn sem sköpunarverk Guðs.⁴⁷ Í þessum textum má greina atriði sem gegna lykilhlutverki í kristinni sköpunarguðfræði. Í fyrsta lagi er þar að nefna *orsakasamband skapara og sköpunar*, þar sem áréttast er að sköpunin eigi tilveru sína að þakka Guði, „skapara himins og jarðar“. Í öðru lagi er um að ræða *innri tengsl* (e. *interconnectedness*) *sköpunarverksins*, þar sem hver hlutur, eða hver eining, hefur sitt hlutverk en einingarnar vinna svo saman sem heild. Það felur í sér að einstakir hlutar tannhjólsins verða að virka til þess að heildin geti skilað sínu.⁴⁸

⁴³ Sjá umfjöllun um samspil guðlegrar opinberunar og mannlegrar reynslu: Arnfríður Guðmundsdóttir, „Af hverju leggjum við stund á guðfræði?“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 12/1998, bls. 81–89, hér 83–84.

⁴⁴ Um eðli og túlkun texta Fyrstu Mósebókar sjá: Þórir Kr. Þórðarson, *Sköpunarsagan í fyrstu Mósebók: Ný viðhorf*, Reykjavík: Námsgagnastofnun, 1986, bls. 60–61.

⁴⁵ *Genesis* er notað sem heiti á Fyrstu Mósebók í mörgum tungumálum, m.a. ensku, dönsku, þýsku og spænsku.

⁴⁶ Einar Sigurbjörnsson, *Kirkjan játar*, Reykjavík: Skálholt, 1991, bls. 145–149. Nikeujátningu varð til á 4. öld e.Kr. og er kennd við borgina Nikeu í norðvesturhluta Litlu-Asíu. Svipað orðalag er að finna í postullegu trúarjåtningunni, sem er yngri texti og aðeins notaður í vesturkirkjunni, ólíkt Nikeujátningunni sem er sameiginleg játning vestur- og austurkirkjunnar. Texti postullegu trúarjåtningarinnar er styttri, þar sem sleppt er að tala um „hið sýnilega og ósýnilega“ og látið nægja að segja: „Ég trúi á Guð, föður almáttugan, skapara himins og jarðar.“ Sama heimild, bls. 133–143.

⁴⁷ Sköpunarstef er t.d. að finna í mörgum Davíðssálum, t.d. 8, 19.1–4, 24.1, 146.6–7.

⁴⁸ Jea Sophia Oh, „Seeds, Cross, and a Paradox of Life from Death: A Postcolonial Eco-Christology“, *Planetary Solidarity: Global Women's Voices on Christian Doctrine and Climate Justice*, Grace Ji-Sun Kim og Hilda P. Koster ritstj., Minneapolis: Fortress Press, 2017, bls. 207–218, hér 213.

Hið nána samband sem ríkir innan sköpunarverksins hefur stundum verið túlkað sem skyldleiki eða fjölskyldutengsl, þar sem meðlimir fjölskyldunnar þurfa hver á öðrum að halda og geta treyst hver á annan (e. *co-dependent*). Í þessu sambandi er líka talað um náungakærleika, þ.e. að manneskjan sé kölluð til að elska gjörvallt sköpunarverkið eins og náunga sinn.⁴⁹ Forsendan hér að baki er að lítið sé á jörðina sem heimili allrar sköpunarinnar og því sé það sameiginlegur hagur okkar allra sem byggjum þessa jörð að standa vörð um hana og allt lífið sem þar fær þrifist.⁵⁰

„Í upphafi skapaði Guð himin og jörð ...“

Fáir textar Biblíunnar eru eins vel þekktir og upphafskafar hennar, ekki síst fyrsta setningin sem hljóðar svo: „Í upphafi skapaði Guð himin og jörð“ (1Mós 1.1). Þessi setning er upphafssetning *fyrri* sköpunarsögunnar, þar sem sagt er frá sköpun heimsins á sex dögum. Eftir að Guð hefur skapað ljósið og myrkið, vatnið og þurrlandið, gróðurinn, dýrin og fugla himinsins og fiska sjávarins er komið að sköpun mannsins, karlsins og konunnar.⁵¹ Stefið „Og Guð sá að það var gott“ (hebr. *tov*⁵² — skáletrun mín) er endurtekið í lok hvers dags. Í lok sjötta dags, þegar allt er tilbúið, er tekið enn sterkara til orða, en þar segir: „Og Guð leit allt sem hann hafði gert, og sjá, það var *harla gott*“ (skáletrunin er mín). „Harla gott“ vísar þá hugsanlega til þess að heildin sé betri en einstakir hlutar hennar.⁵³ Boðskapurinn er skýr. Öll sköpunin, hinn efnislegi veruleiki sem við erum hluti af, á upphaf sitt í Guði og það sem er frá Guði komið er gott og ætlað til góðs. Af þessu má draga þá ályktun að lífið á jörðinni sé gott, eða eins og því er ætlað að vera. Þetta er mikilvægt að hafa í huga, vegna þess að alltof oft í kristinni trúarhefð hefur athyglin beinst að lífinu eftir þetta líf (hinu „himneska“ lífi) og þá gjarnan á kostnað lífsins sem við lifum hér og nú (hins jarðneska lífs).

Það er orðalagið í fyrri sköpunarsögunni⁵⁴ sem hefur verið mest áberandi í umræðunni um umhverfis- og loftslagsmálin á síðustu áratugum, ekki síst frásögnin af því sem átti sér stað á sjötta degi, eftir að Guð hafði lokið við að skapa dýr jarðarinnar:

⁴⁹ Vitor Westhelle, „Working with Lutheran Forms of Christianity“, *T and T Clark Handbook of Christian Theology and Climate Change*, ritstj. Ernst M. Conradie og Hilda P. Koster, London: T&T Clark, 2020, bls. 277–287, hér 285.

⁵⁰ Þetta kemur t.d. fram í undirtitli páfabréfs Frans páfa sem á íslensku útleggst sem *Umhyggja fyrir okkar sameiginlega heimili* (*The Encyclical Letter: Laudato Si' — On Care for Our Common Home*, sjá nmgr. 20). *Laudato Si'* merkir „lofaður sért þú“ og er vísun í bæn sem tileinkuð er heilögum Frans frá Assisi.

⁵¹ *Síðari* sköpunarsagan kemur strax í kjölfarið á þeirri fyrri. Helsti munurinn er atburðaröðin. Sú síðari byrjar á sköpun (karl-)mannsins og endar á sköpun konunnar úr síðu karlsins.

⁵² Hebreska orðið „tov“, sem er í íslensku Biblíunni þýtt með „gott“, vísar til virkni (e. *functionality*) og því væri réttara að þýða það með „vel gert“ eða „virkar vel“. Að sköpunin eða einstakir hlutar hennar séu „tov“ merkir því að sköpunin virki eins og vel smurð vél, eða að einingarnar — en líka heildin — gegni þeim hlutverkum sem þeim er ætlað. Sjá: *Tov: A Word Study*, rYm Covenant, 13. júní 2021, sótt 15. september 2021 af <https://rymcovenant.net/tov-a-word-study/>.

⁵³ Richard Bauckham, „Being Human in the Community of Creation“, *Ecoteology: A Christian Conversation*, ritstj. Kiara A. Jorgenson og Alan G. Padgett, Grand Rapids, Michigan: William B. Eerdmans Publishing Company, 2020, bls. 15–66, hér bls. 23.

⁵⁴ Lýsingin á konunni sem var sköpuð úr rífi „mannsins“ tilheyrir síðari sköpunarsögunni og er almennt þekktari. Algengt er að fyrri og síðari sögunni sé ruglað saman, eða þær gerðar að einni.

Þá sagði Guð: „Vér viljum gera manninn eftir vorri mynd, líkan oss. Hann skal drottna yfir fiskum sjávarins, fuglum loftsans, búfénu, villidýrunum og allri jörðinni og öllum skriðdýrum sem skriða á jörðinni.“

Og Guð skapaði manninn eftir sinni mynd. Hann skapaði hann eftir Guðs mynd. Hann skapaði þau karl og konu.

Guð blessaði þau. Og Guð sagði við þau: „Verið frjósöm, fjölgið ykkur og fyllið jörðina, gerið ykkur hana undirgefna og ríkið yfir fiskum sjávarins og fuglum himinsins og öllum dýrum sem hrærast á jörðinni“ (1Mós 1.26–28).

Það er einmitt þetta með að gera jörðina sér „undirgefna“ og „ríkja yfir“ fiskum, fuglum og dýrum jarðarinnar sem hefur vakið athygli og deilt hefur verið um hvort þetta merki að manneskjunni sé hér veitt leyti til að fara með sköpunina að eigin geðþótta. Gagnrýni miðaldasagnfræðingsins Lynn White, sem hann setti fram í grein sem hann kallaði „The Historical Roots of Our Ecological Crisis“ (1967), á mannmiðlægni kristinnar trúar, er vel þekkt. Í grein sinni heldur White því fram að rekja megi illa meðferð á náttúrunni til kristinnar trúar, en samkvæmt henni hafi Guð gefið mannum vald til að „drottna yfir“ náttúrunni.⁵⁵

Á síðustu áratugum hafa guðfræðingar leitast við að svara gagnrýni eins og þeirri sem White setti fram á sjöunda áratug síðustu aldar og þá gjarnan með því að gera greinarmun á því annars vegar að fara illa með sköpunina og nýta sér hana í eigin þágu og hins vegar að umgangast hana af virðingu og bera hag hennar fyrir brjósti í hvívetna.⁵⁶ Í þessu samhengi er vísað til síðari sköpunarsögunnar í öðrum kafla Fyrstu Mósebókar, þar sem segir í 15. vers: „Þá tók Drottinn Guð manninn og setti hann í aldingarðinn Eden til að yrkja hann og gæta hans.“ Hugtakið ráðsmennskuhlutverk (e. *stewardship*) hefur verið notað um það hlutverk sem Guð fól mannum samkvæmt sköpunarsögunum og því stillt upp sem andhverfu þeirrar misnotkunar sem White vísar til. Áherslan á ráðsmennskuhlutverkið og þá ábyrgð sem því fylgir gagnvart bæði skapara og sköpun hefur vissulega verið mikilvæg í umræðunni um þá hættu sem náttúrunni stafar af viðvarandi vanrækslu mannsins og ofnýtingu á gæðum hennar. En andspænis loftslagsógninni sem við stöndum nú frammi fyrir hefur verið kallað eftir nýjum hugtökum og endurskoðaðri orðræðu, þar sem, í stað þess að gengið sé út frá sérstöðu manneskjunnar innan sköpunarverksins, sé lögð áhersla á heildarmyndina, á samfélagið innan sköpunarinnar (e. *community of creation*), þar sem hver eining gegnir mikilvægu hlutverki og hefur ótvírætt gildi í sjálfu sér.⁵⁷ Það að vera sköpuð í mynd Guðs (lat. *imago dei*), eins og segir í fyrri sköpunarsögunni, gefur okkur sérstöðu innan sköpunarverksins þar sem engin önnur sköpun ber mynd Guðs, en sú sérstaða gefur engum leyfi til að

⁵⁵ Sjá Lynn White, „The Historical Roots of Our Ecological Crisis“, *This Sacred Earth: Religion, Nature, Environment*, ritstj. Roger S. Gottlieb, New York og London: Routledge, 1996 [1967], bls. 184–193. Sjá einnig umfjöllun Sólveigar Önnu Bóasdóttur um grein Lynn White og túlkun femínískra guðfræðinga á efni hennar í *Guð og gróðurhúsaáhrif: Kristin síðfræði á tímum loftslagsbreytinga*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2017, bls. 57–59.

⁵⁶ Elizabeth Johnson tengir drottunarárættu hvíta mannsins yfir öðru fólki og umhverfi sínu við það ofríki sem Evrópuþjóðir beittu svokallaðar nýlendur sem þær sölsuðu undir sig og nýttu í sína þágu. Sjá Elizabeth A. Johnson, *Creation and the Cross: The Mercy of God for a Planet in Peril*, Maryknoll, New York: 2018, bls. 205.

⁵⁷ Richard Bauckham, „Being Human in the Community of Creation“, bls. 20–22. Í þessu sambandi talar Elizabeth Johnson um „tyrannical anthropology“ sem, að hennar mati, á stóran þátt í þeirri loftslagskrísu sem við stöndum nú frammi fyrir. Til þess að vinna gegn þessum hættulega mannskilningi leggur Johnson til fimm „hugartilraunir“ (e. *thought experiments*) sem hún telur vænlegar til árangurs. Sjá: Elizabeth A. Johnson, *Creation and the Cross*, bls. 198–203.

umgangast sköpunina að eigin vilja. Þvert á móti fylgir því mikil ábyrgð og afleiðingar hamfarahlýnunar gefa skýrt til kynna að það vantar mikið upp á að mannkynið hafi staðið undir þeirri ábyrgð.⁵⁸

Sköpunin heldur áfram

... hann sem skapaði himin og jörð,
hafið og allt sem í því er,
hann sem er ævinlega trúfastur.
Hann rekur réttar kúgaðra,
gefur hungruðum brauð ...
Drottinn reisir upp niðurbeygða,
Drottinn elskar réttláta,
Drottinn verndar útlendinga ...
(Slm 146.6–9)⁵⁹

Hugmyndin um hina sístæðu sköpun Guðs gegnir mikilvægu hlutverki í umræðunni um hamfarahlýnunarina sem ógnar lífinu á jörðunni til framtíðar. Að baki liggur guðsmynd sem er ólík guðsmynd deismans sem kom fram á átjándu öld þar sem var gengið út frá því að Guð hefði skapað himin og jörð í upphafi tímans og þar með hefði afskiptum Guðs af hinu fullkomna sköpunarverki lokið.⁶⁰ Hún er líka ólík hugmyndinni um Guð sem hefur alla þræði í hendi sér og stjórnar öllu sem gerist innan sköpunarverksins, eins og um væri að ræða strengjabrúðuleikhús, þar sem rekja má allt sem gerist til vilja Guðs. Ólíkt hugmyndunum um hinn fjarlæga Guð deismans, eða stjórnanda strengjabrúðuleikhússins, gefur hugmyndin um hina sístæðu sköpun skýr skilaboð um að skaparinn láti sköpunina ekki eftir munaðarlausu, heldur sé nálægur, mitt á meðal hennar (e. *immanence*), án þess að skerða frelsi hennar til að velja á milli góðs og ills.⁶¹ Hér er því um að ræða skapandi og virkt samspil á milli skapara og sköpunar.⁶² *Panentheísk* guðsmynd fellur vel að þessum hugmyndum, en með henni er gengið út frá því að *allt sé í Guði*, sem er ólíkt því að segja að allt sé Guð (eins og í *pantheisma* eða algjöðistrú). Hún er líka frábrugðin myndinni af Guði sem er hátt upphafinn yfir sköpunina og stjórnar öllu með harðri hendi einræðisherrans (e. *monarchical theism*). *Panentheískur* skilningur á Guði felur í sér að öll sköpunin hvílir í faðmi Guðs, þar sem Guð er eins og móðurlíf, sem umlykur sköpunarverkið og veitir því næringu og skjól. Hér er til staðar mikilvægur aðgreiningur á milli skapara og sköpunar — eins og aðgreiningur á milli barns og móður í móðurlífi — þar sem áherslan er á hið nána samband milli skapara og sköpunar og þá ábyrgð sem við, sem sköpun Guðs, berum bæði gagnvart skapara okkar en einnig samfélaginu innan sköpunarverksins

⁵⁸ Sama heimild, bls. 206–209.

⁵⁹ Sjá umfjöllun um hin ýmsu sköpunarstef í Biblíunni: Þórir Kr. Þórðarson, *Sköpunarsagan í fyrstu Mósebók: Ný viðhorf*, Reykjavík: Námsgagnastofnun, 1986, bls. 18–22. Sjá einnig páfabréf Frans páfa, *The Encyclical Letter: Laudato Si'*, bls. 46–48.

⁶⁰ Þessari hugmynd hefur verið líkt við hina fullkomnu klukku sem hefur verið trekt upp og gengur upp frá því ótrufluð af skapara sínum. Sjá Elisabeth A. Johnson, *Ask the Beasts: Darwin and the God of Love* [kiljuútgáfa], London: Bloomsbury, 2015, bls. 155.

⁶¹ Elisabeth A. Johnson, *Creation and the Cross*, bls. 221.

⁶² Elisabeth A. Johnson, *Ask the Beasts*, bls. 156.

sem við tilheyrum.⁶³ Slíkar hugmyndir um Guð og samskipti skapara og sköpunar, en líka samskipti milli ólíkra eininga sköpunarinnar, eru mikilvægar fyrir guðfræðilega orðræðu þar sem leitast er við að bregðast við þeim áskorunum sem hlýnandi veðurfar hefur í för með sér.

Ekki er allt eins og það á að vera

Ekki fer á milli mála að það er ekki allt eins og það á að vera. Ivone Gebara minnir okkur á að veruleikinn sem við erum hluti af sé staðfesting á því að við getum ekki bara elskað náunga okkar, þ.e.a.s. lífkerfið sem við tilheyrum, heldur séum við fullfær um hið gagnstæða.⁶⁴ Er við horfum í kringum okkur blasa við afleiðingarnar af því að í stað þess að elska og virða sköpunarverkið höfum við gerst sek um að vanvirða og skemma það sem okkur hefur verið treyst fyrir.⁶⁵ Þess vegna ógnar mannkynið framtíð sköpunarinnar, sem er í eðli sínu „góð“, og þannig er sköpunin ekki í samræmi við upphaflegt markmið sitt. Til þess að túlka þá gjá sem hefur myndast á milli þess sem sköpunin stóð fyrir í upphafi og þess hvernig komið er fyrir henni í dag er talað um *synd* sem í grunninn er tengslahugtak (skylt hugtakinu *sundrun*) og vísar til rofinna tengsla á milli skapara og sköpunar en einnig innan sköpunarinnar.⁶⁶ Syndahugtakið gerir okkur kleift að tala um þann veruleika sem blasir við okkur þegar við horfumst í augu við þær afleiðingar sem óábyrg og eigingjörn hegðun okkar hefur kallað yfir jörðina, sameiginlegt heimili alls lífs eins og við þekkjum það. Ef hlýnun jarðar á ekki á endanum að gera jörðina óbyggilega, er mikilvægt að við, mannfólkið, sem höfum nú þegar valdið svo miklu tjóni, göngumst við því sem við höfum gert, göngumst við því að við höfum ekki gert það sem við vorum kölluð til að gera, nefnilega að standa vörð um jörðina og elska hana og allt sem henni tilheyrir. *Iðrun* (gr. *metanoia*) er hugtak sem merkir slíkan viðsnúning, það að sjá að sér, að gangast við því sem hefur misfarist og vilja snúa við. Sé iðrunarhugtakið sett í samhengi við loftslagsógn eða loftslagsréttlæti felur hugtakið í sér breytingu á hugarfari og forgangsröð, að setja sér ný markmið. Í páfabréfi sínu um ástand jarðarinnar kallar Frans páfi eftir „umhverfislegu afturhvarfi“ (e. *ecological conversion*) sem hann segir felast í viðurkenningu á

⁶³ Sjá t.d.: Sallie McFague, *Blessed are the Consumers: Climate Change and the Practice of Restraint*, Minneapolis: Fortress Press, 2013. McFague (1933–2019) hefur lagt hvað mest til fémínískrar loftslagsguðfræði, ekki síst með áherslu sinni á mikilvægi líkingamálsins og þeirra mynda við notum um samband Guðs við sköpun sína. Þekktust er mynd hennar af sköpuninni sem *líkama Guðs* (e. *the Body of God*). Að mati McFague þurfum við, í ljósi aðstæðna, á myndum að halda sem hvetja okkur til að axla þá ábyrgð sem okkur hefur verið falin og felst fyrst og fremst í því að gæta sköpunarinnar. Með myndmálinu af sköpunarverkinu sem líkama Guðs, leggur McFague, áherslu á að Guð sé ekki fjarlægur, heldur hér á meðal okkar og að við mætum Guði í þessu hversdagslega, því sem við erum að gera frá degi til dags til að stemma stigu við því sem skemmir og brýtur niður. Sjá t.d. bók McFague, *A New Climate for Theology: God, the World, and Global Warming*, Minneapolis: Fortress Press, 2008, og kafla hennar í greinasafninu *Planetary Solidarity* („Reimagining the Triune God for a Time of Global Climate Change“, *Planetary Solidarity: Global Women's Voices on Christian Doctrine and Climate Justice*, Grace Ji-Sun Kim og Hilda P. Koster ritstj., Minneapolis: Fortress Press, 2017, bls. 101–118).

⁶⁴ Ivone Gebara, „The Christian Story of God's Work: A Brazilian Response“, *T and T Clark Handbook of Christian Theology and Climate Change*, ritstj. Ernst M. Conradie og Hilda P. Koster, London: T&T Clark, 2020, bls. 467–473, hér 467.

⁶⁵ Cynthia Moe-Loebada, „The Spirit as Moral-Spiritual Power for Earth-Honoring, Justice-Seeking Ways of Shaping Our Life in Common“, *Planetary Solidarity: Global Women's Voices on Christian Doctrine and Climate Justice*, Grace Ji-Sun Kim og Hilda P. Koster ritstj., Minneapolis: Fortress Press, 2017, bls. 249–274, hér 250.

⁶⁶ Um syndahugtakið sjá: Arnfríður Guðmundsdóttir, „Ekki eins og það á að vera: Merking syndahugtaksins í kristinni trúarhefð fyrir og nú“, *Ritið: Tímarit Hugvísindastofnunar*, 3/2020, bls. 15–36.

því að heimurinn sé gjöf Guðs og að við, hvert og eitt okkar, séum ekki ein og óháð, heldur hluti af óskiptanlegri heild.⁶⁷ Nátengt bæði synd og iðrun er hjálpræðishugtakið (e. *salvation*), sem merkir heilun eða lækning, og vísar til þess að hið brotna verður heilt, hið sjúka verður heilbrigt á ný.⁶⁸

Hugtökin synd, iðrun og hjálpræði gegna mikilvægu hlutverki í guðfræðilegri umræðu um loftslagsógnina, en það er nauðsynlegt að merking þeirra takmarkist ekki við það sem gerist í lífi einstaklinga, heldur hafi einnig skírskotun til samfélagsins sem við erum hluti af og jafnframt til umhverfisins, hins stærra samhengis sem við tilheyrum og guðfræðin vísar til sem sköpunarverks Guðs.⁶⁹ Cynthia Moe-Lobeda notar hugtakið *loftslagsmynd* (e. *climate sin*) þegar hún talar um það kerfislega óréttlæti sem hinn ríki hluti heimsins með sitt stóra kolefnisspor hefur kallað yfir fátækari íbúa jarðarinnar. Það kerfislega óréttlæti sem hún vísar til er markviss flutningur íbúa á norðurhveli jarðar á náttúruauðlindum frá suðurhveli jarðarinnar sem hefur átt svo ríkan þátt í að valda hamfarahlýnun, sem, enn sem komið er, kemur verst niður á fátækum íbúum í suðrinu. Þrátt fyrir að við getum ekki að fullu bætt fyrir þann skaða sem þegar er orðinn leggur Moe-Lobeda áherslu á nauðsyn þess að við breytum um stefnu og látum af þeim lífsháttum sem við höfum hingað til talið sjálfsagða og förum að hegða okkur þannig að líf okkar kalli ekki á misnotkun á umhverfi okkar og valdi ekki öðrum íbúum jarðarinnar skaða.⁷⁰ Nærtækt dæmi er gífurlegt framboð á tískufatnaði á Vesturlöndum sem framleiddur er við ómannúðlegar aðstæður af fátæku fólki í fjarlægum löndum og seldur ódýrt og síðan sendur í skipsförmum til urðunar í Afríku.⁷¹ Kolefnisfótspor tískuiðnaðarins er verulegt, sérstaklega þess hluta hans sem gengur undir nafninu „hraðtíska“ (e. *fast fashion*), og því hefur verið haldið fram að um sé að ræða meiri losun af völdum hans heldur en vegna flugsamgangna.⁷² Hér er um að ræða mikilvægt loftslagsréttlætismál og því brýnt að vekja íbúa Vesturlanda til vitundar um mikilvægi þess að stemma stigu við því óréttlæti sem nærast á neysluvenjum sem fram að þessu hafa almennt verið taldar eðlilegar.

⁶⁷ *The Encyclical Letter: Laudato Si'*, bls. 126–129.

⁶⁸ Arnfríður Guðmundsdóttir, „The Fire Alarm Is Off: A Feminist Theological Reflection on Sin, Climate Change, Energy, and the Protection of Wilderness in Iceland“, *Planetary Solidarity: Global Women's Voices on Christian Doctrine and Climate Justice*, Grace Ji-Sun Kim og Hilda P. Koster ritstj., Minneapolis: Fortress Press, 2017, bls. 135–154, hér 141.

⁶⁹ Meehyun Chung, „Salvation for All! Cosmic Salvation for an Age of Climate Injustice: A Korean Perspective“, *Planetary Solidarity: Global Women's Voices on Christian Doctrine and Climate Justice*, Grace Ji-Sun Kim og Hilda P. Koster ritstj., Minneapolis: Fortress Press, 2017, bls. 219–235, hér 234–235.

⁷⁰ Cynthia Moe-Lobeda, „Finding Common Ground on a Moral Vision for the Good Society“, *T and T Clark Handbook of Christian Theology and Climate Change*, ritstj. Ernst M. Conradie og Hilda P. Koster, London: T&T Clark, 2020, bls. 157–173, hér 162.

⁷¹ Ólöf Ragnarsdóttir, „Afríkulönd sitja uppi með fatasoun Vesturlanda“, *ruv.is* 10. október 2021, sótt 15. nóvember 2021 af <https://www.ruv.is/frett/2021/10/10/afrikulond-sitja-uppi-med-fatasoun-vesturlanda>.

⁷² „Fast Fashion Needs to Slow Down for the Climate“, *Climate Council*, 25. maí 2021, sótt 15. nóvember 2021 af <https://www.climatecouncil.org.au/resources/fast-fashion-climate-change/>; Rebekah Clarke, „Fast Fashion's Carbon Footprint“, *Carbon Literacy Project*, ágúst 2021, sótt 15. nóvember 2021 af <https://carbonliteracy.com/fast-fashions-carbon-footprint/>.

Loftslagsguðfræði styður loftslagsréttlæti

Þegar Greta Thunberg hóf vegferð sína fyrir utan þinghúsið í Stokkhólmi var markmið hennar skýrt. Hún vildi að Svíar stæðu við orð sín og fylgdu eftir samkomulaginu sem fulltrúar þeirra höfðu skrifað undir í París í desember 2015. Greta bað þá sem vildu heyra að hlusta á niðurstöður vísindamanna. Til að byrja með var hún sem „rödd hrópanda í eyðimörk“ (Mark 1.3). En svo gerðist hið ótrúlega. Fólk fór að hlusta, ekki bara jafnaldrar hennar, heldur líka fólk í áhrifastöðum, fólk úti um allan heim fór að gefa röddu hennar gætur. Þó að Greta hafi á undanförum árum verið andlit baráttunnar gegn hamfarahlýnun hefur baráttan sem hún hratt af stað orðið að alþjóðlegri hreyfingu ungs fólks, *Fridays for Future*, sem kallar á tafarlausar aðgerðir stjórnvalda.

Það er ljóst að baráttan gegn hamfarahlýnun snýst ekki aðeins um tæknilegar lausnir heldur líka um gildi og gildismat, sem gjarnan hefur með trúar- og lífsskoðanir fólks að gera. Eins og Greta Thunberg hefur ítrekað minnt á kallar yfirvofandi loftslagsógn á endurskoðun á forgangsröð, hvort sem um er að ræða lífshætti fólks eða markmiðssetningu og uppbyggingu samfélagskerfa. Áherslan á loftslagsréttlæti beinir athyglinni að þolendum loftslagsbreytinga og skorti á mannréttindum þeirra sem, vegna hlýnandi veðurs, skortir nauðsynjar eins og fæðu, hreint vatn, heilbrigðisþjónustu, menntun og húsaskjól. Af þessum sökum hafa málsvarar þeirra sem brotið er gegn, fólk eins og Mary Robinson, fyrrverandi forseti Írlands og sérstakur talsmaður Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, bent á mikilvægi þess að samhliða baráttunni gegn fátækt, útilokun og ójafnrétti sé unnið markvisst að því að koma í veg fyrir hamfarir af völdum óheftrar losunar gróðurhúsalofttegunda.

Í guðfræðilegri umræðu um loftslagsbreytingar og loftslagsréttlæti eru áberandi hugtök sem hafa gegnt mikilvægu hlutverki innan kristinnar trúarhefðar frá upphafi, hugtök eins og sköpun, skapari, synd, iðrun og hjálpræði. Til grundvallar liggur kristinn mannskilningur og guðsmynd. Nýtt sögulegt samhengi kallar á endurskoðun á hefðbundinni túlkun og merkingu sígildra hugtaka. Femínísk gagnrýni hefur á síðustu áratugum haft mikil áhrif á þróun guðfræðilegrar umræðu og er loftslagsguðfræðin þar engin undantekning. Gagnrýni á kynjahalla og kynjablindu hefur orðið til þess að raddir og reynsla þeirra sem hafa verið úti á jaðrinum, þar sem konur hafa verið í miklum meirihluta, hafa fengið rými. Þetta skiptir miklu máli þegar kemur að baráttunni gegn loftslagsógninni sem mannkynið stendur nú frammi fyrir. Í húfi er líf og heilsa fólks og réttur þeirra sem minna mega sín til þess að njóta grundvallarmannréttinda. Í þessu samhengi skiptir öllu máli hvaða mælikvarðar eru notaðir þegar lagt er mat á verðmæti jarðarinnar og lífið sem þar dafnar í öllum sínum fjölbreytileika. Samkvæmt gyðing-kristinni trúarhefð er efni ekki bara efni heldur sköpun Guðs og því *gott*. Að sama skapi er allt líf dýrmæt gjöf Guðs. Kristinn mannskilningur gengur út frá því að hlutverk manneskjunnar sé að standa vörð um þetta líf, að hlúa að því og gæta þess í hvívetna. Það er í ljósi þessara lykilhugmynda sem kristin loftslagsguðfræði kallar eftir því að loftslagsréttlætið nái fram að ganga og gripið verði til aðgerða til þess að svo megi verða — og það sem fyrst.